

Isavia ohf
Reykjavíkurlflugvelli
101 Reykjavík

AFRIT



Reykjavík 9. september 2015
UST201508-104/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Keflavíkurlflugvallur 2013-2030

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Keflavíkurlflugvallar er barst 20. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um drög að aðalskipulagi Keflavíkurlflugvallar 2013 – 2030.

Í greinargerð kemur fram að forsendur fyrir gerð nýs aðalskipulags fyrir Keflavíkurlflugvöll eru m.a. þær, að hluti varnarsvæðis hefur verið tekinn í borgaraleg not, að verulegur vöxtur er í flugumferð, ný skipulagslög nr. 123/2010 og Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 – 2024. Stærð flugþjónustusvæðis er 259 ha.

Umhverfisáhrif flugbrauta

Í greinargerð kemur fram að helstu umhverfisáhrif nýs flugbrautarkerfis séu neikvæð áhrif á hljóðvist, landnotkun, aukin losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif á fornleifar. Einnig kemur fram að helstu aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda falli ekki undir ákvarðanir um landnotkun, þ.e.a.s. þær falla ekki undir umfjöllunarefni aðalskipulags.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áfram sé skoðaður sá valkostur sem er raflest fyrir umferð farþega til og frá flugvelli, ekki síst þegar aukin flugumferð eykur losun gróðurhúsalofttegunda á svæðinu.

Umhverfisáhrif vegna öryggissvæðis, svæðis


Í ofangreindum kafla er fjallað um loftrýmisgæslu og olíulögn. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umfjöllunina.


Umhverfisáhrif samgangna og veita

Í umfjöllun um umhverfisáhrif samgangna og veita kemur fram að með vaxandi starfsemi á Keflavíkurlflugvelli á skipulagstímabilinu muni álag á fráveitu og olíuskiljur aukast.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um endurbætur í fráveitumálum og byggingu hreinsivirkis við útrás í Sandgerðisbæ. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að slík markmið um úrbætur séu tímasett. Umhverfisstofnun tekur einnig undir markmið um aðgerðir til að lágmarka hættu á mengunaróhöppum.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur